

## Aðalfundur foreldrafélagsins vegna starfsársins 2015-2016

Fundur haldinn í starfsmannaaðstöðu skólans þann 03.05.2016 kl. 20:00

Mætt voru: Katrín Ingólfssdóttir, Sigrún Baldursdóttir og Hrund Pétursdóttir frá foreldrafélaginu. Óskar Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir frá Árskóla. Malin Johanson, foreldri.

### Dagskrá:

1. Fundarstjóri. Formaður var fundarstjóri.

2. Skýrsla stjórnar. Hrund fór yfir starf foreldrafélagsins veturinn 2015-2016.

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar var í lok ágúst. Þá hittist hluti af stjórn ásamt skólastjórnendum í matsal skólans. Farið var yfir starfsáætlun vetrarins og rætt um bíóferð fyrir nemendur skólans, sem var gjöf frá foreldrafélaginu.

Stjórnin hélt fimm almenna fundi yfir tímabilið. Einnig var haldinn fundur með bekkjarfulltrúum/tengiliðum. Þar voru lögð fyrir drög að hlutverki tengiliða og þau samþykkt. Fram að þessu vantaði skýrari mynd af því hlutverki sem bekkjarfulltrúar gegna. Einnig var ákveðið að gerð yrði mappa fyrir hvern árgang og er mikilvægt að það verði klárað.

Einnig fóru fulltrúar foreldrafélagsins á fund með skólaráði og stjórn nemendafélagsins í lok október sl. Þar var farið yfir það sem betur mætti fara og hvernig mögulega væri hægt að bæta þá þætti. Einnig var rætt um það með hvaða hætti nemendur og foreldrar geta gert skólastarfið betra.

Í febrúar var árleg öskudagsskemmtun í boði foreldrafélagsins. Nemendur 10. bekkjar voru þar til að aðstoða. Næst mætti skrá fyrirfram hvaða bekkjarfulltrúar mæta og aðstoða við gæslu, en það er eitt af hlutverkum bekkjarfulltrúa að sjá um slíkt. Aðsóknin að skemmtuninni var með lélegra mótí í ár.

Í vetur voru skólastjórnendur, skólaráð og formaður foreldrafélags í sambandi við Sveitarfélagið varðandi vegrið sem nauðsynlegt er að setja við innkeyrslu skólarútu fyrir framan Árskóla. Mikilvægt er að halda áfram að ýta á eftir að það verði gert áður en að slys verða.

Auglýst var eftir foreldrum í stjórn foreldrafélagsins og fengum við engin viðbrögð við þeirri auglýsingu. Einnig var haft samband beint við foreldra en engin áhugi var til staðar. Mikilvægt er að koma einhverri reglu á það hverjir taka við svo sama fólkið sitji ekki fast í stjórn í mörg ár.

Foreldrafélagið bauð nemendum skólans í bíóferð. Yngsta stig og miðstig er búið að fara en unglíngastigið er eftir. Foreldrafélagið ætlar að gefa skólanum heyrnartól að gjöf og var það sett í hendur núverandi gjaldkera að ganga frá því.

3. Reikningar. Katrín fór yfir reikninga félagsins. Tekjur voru 364.393 kr., gjöld 435.789 kr. og

rekstrarniðurstaða neikvæð um 71.396. Staða á bankareikningi félagsins þann 02.05. var 228.218.

Reikningar bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.

4. Skipun nýrrar stjórnar. Sigrún Baldursdóttir, Jóna Salvör Kristinsdóttir, Erla Björk Helgadóttir og Þorsteinn Guðmundsson verða áfram í stjórn. Hrund Pétursdóttir, Katrín Ingólfssdóttir og Steinar Gunnarsson gefa ekki kost á sér áfram. Ekki var búið að ganga frá því hverjir kæmu nýir inn í stjórn fyrir aðalfund en fráfarandi stjórn, í samstarfi við

skólastjórnendur, er falið að finna nýja stjórnarmenn fyrir lok skólaárs. Stjórn mun skipta með sér störfum næsta haust.

Þorsteinn verður áfram fulltrúi foreldrafélagsins í skólaráði.

5. Önnur mál.

Rætt um bekkjarmöppur, vegrið og gjafir til skólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:40.